

Alþingi
Erindi nr. P 126/963
komudagur 19.1.2001

Sjóminjasafn Íslands

Pósthólf 38, 220 Hafnarfjörður

Netfang: aog@natmus.is Fax: 530 2201 Sími 530 2219

19. janúar 2001

Nefndasvið Alþingis
Menningarmálanefnd
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Menningarmálanefnd Alþingis hefur sent Sjóminjasafni Íslands til umsagnar frumvarp til safna- og þjóðminjalaga dags. 14. desember 2000. Meðfylgjandi eru athugasemdir mínar.

Virðingarfyllst



Ágúst Georgsson
deildarstjóri Sjóminjasafns Íslands

Athugasemdir við frumvörp til safnalaga og þjóðminjalaga

Frumvarp til safnalaga

Skipulag laganna

Ekki verða séð sérstök rök fyrir því að hafa tvenn lög um þennan málaflokk og mætti því vel hugsa sér að sameina safna- og þjóðminjalögin í einn bálk. Höfuðsöfnum og öðrum söfnum yrði þá stillt hlið við hlið sem jafn réttháum þótt hlutverk hinna fyrrgreindu verði vitanlega mun víðfeðmara. Höfuðsöfnum beri jafnframt að vera öðrum söfnum til ráðgjafar, svo sem gert er ráð fyrir í drögunum.

Hnykkja ber á því að hér er einnig um að ræða lög er varða náttúrugripasöfn og ætti það að koma fram í einstökum greinum og köflum. Í 4.gr. mætti t.d. að bæta við orðinu listsköpun í skilgreiningu, sem þá gæti verið svona: ”...safna heimildum sem snerta manninn, sögu hans, listsköpun og umhverfi ...”.

Nánar þyrfti að gera grein fyrir tilgangi og grundvallarmarkmiðum laganna.

Safnaráð

Afar mikilvægt er að skapa tengingu við byggðasöfn og sveitarfélög í safnaráði til þess að gæta fyllsta jafnréttis. Í safnaráði ættu að eiga sæti fulltrúi minjasafna, fulltrúi listasafna, fulltrúi náttúrugripasafna, fulltrúi sambands íslenskra sveitarfélaga auk fulltrúa sem ráherra skipar.

Það er þversögn að ráðinu sé ætlað að marka stefnuna en jafnframt tekið fram að ekki sé til þess ætlast að það hafi mikið hlutverk, eins og segir í athugasemdum ráðuneytis við frumvarpið. Safnaráð á hinum Norðurlöndunum hafa mikilvægu hlutverki að gegna og ber síst að draga úr því hér á landi.

Ekki virðist raunhæft í okkar fámenna landi að koma á fót fjórðungsráðum eins og t.d. í Danmörku. Til þess eru söfn hér á landi of fá og veikburða nema í einstaka tilfellum.

Höfuðsöfn

Hugmynd um höfuðsöfn er ágæt en í raun aðeins staðfesting á ríkjandi ástandi. Gott er að þetta kemur fram í lögnum vegna þess að það varðar skipulag safnamála. Ég tel ekki að höfuðsöfn eigi að “veita forstöðu” safnsviðum þeim sem þau starfa á. Stefnumörkun er þegar skilgreind sem verksvið safnaráðs og ber að halda sig við það. Höfuðsöfn og önnur söfn sendi safnaráði verkáætlanir og stefnuyfirlýsingar sem safnastefna og langtímaáætlun safnaráðs byggja á. Höfuðsafn á að spegla menningu, listir, náttúru og sögu þjóðarinnar hvert á sínu sviði og ráða yfir úrvali muna, listaverka og náttúruminja fyrir landið í heild. Höfuðsöfnum ber að veita öðrum söfnum ráðgjöf af ýmsu tagi, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Safnasjóður

Söfn sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjaráðs ættu ekki að þurfa að sækja um rekstrarstyrk árlega.

Hér er lagt til að safnasjóður verði eingöngu ætlaður til að styrkja starfsemi safna af ýmsu tagi, í einstök eða sameiginleg verkefni, til rannsókna, söfnunar, skráningar og varðveislu. Heppilegt væri að skilgreina hlutverk safnasjóðs mun ýtarlegar en gert er í drögunum.